

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF I O C U

NS
NEYTENDASAMTÖKIN

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
b/t Guðjóns Rúnarssonar, nefndarritara
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 118 / 101
komudagur 10 / 11 1994

SKÚLAGÖTU 26,
101 REYKJAVÍK,
SÍMI 91-625000,
TELEFAX 91-624666,
PÓSTHÓLF 1096,
121 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 8. nóvember 1994

Umsögn um frumvarp til laga um hlutafélög, 96. mál og frumvarp til laga um einkahlutafélög, 97. mál.

Neytendasamtökin ítreka fyrri athugasemdir sínar frá 22. apríl s.l. vegna þessara frumvarpa, sem hér eru meðfylgjandi.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna


Sigríður A. Arnardóttir

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

SKÚLAGÓTU 26,
101 REYKJAVÍK,
SÍMI 91-625000,
TELEFAX 91-624666,
PÓSTHOLF 1096,
121 REYKJAVÍK.

22. apríl 1994

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög með síðari breytingum og frumvarp til laga um eignarhlutafélög.

Neytendasamtökin gera eftirfarandi athugasemd við frumvörpin.

1. mgr. 54. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 32/1978 um hlutafélög og 1. mgr. 42. gr. frumvarps til laga um eignarhlutafélög:

Neytendasamtökin telja ekki ástæðu til að gera greinarmun á því hvort hlutafélag eða eignarhlutafélag sem stjórnarmenn hafa setið í eða framkvæmdarstjórar starfað hjá, hafi einu sinni eða oftár orðið gjaldþrota. Því er lagt til að skilyrði þessara greina um fjölda gjaldþrota verði hert þannig að stjórnarmönnum eða framkvæmdarstjórum sé óheimilt að vera stjórnarmenn eða framkvæmdarstjórar í hlutafélagi eða eignarhlutafélagi í sams konar eða svipuðum rekstri, ef félag sem þeir hafa starfað hjá eða setið í, hefur verið úrskurðað gjaldþrota síðustu þrjú árin. Með því að herða skilyrðið um fjölda gjaldþrota eru frekari líkur til þess að stjórnarmenn og framkvæmdarstjórar sinni störfum sínum betur og séu ábyrgir gera sinna.

Hér er lagt til að í stað orðanna "...og gjaldþrotaúrskurður hefur oftár en einu sinni verið kveðinn upp í slíkum félögum..." komi "...og gjaldþrotaúrskurður hefur verið kveðinn upp einu sinni eða oftár í slíkum félögum..."

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna


Sigríður A. Arnardóttir